



FJÖLMIÐLANEFND

15. ágúst 2016  
Ákvörðun nr. 5/2016

**Efni: Umfjöllun um fiskeldi í 13. tölublaði Bæjarins besta, 33. árgangi, sem út kom fimmtudaginn 7. apríl 2016.**

### **I. Kvörtun og málsatvik**

Fjölmiðlanefnd barst þann 14. apríl sl. kvörtun Haraldar Eiríkssonar, dags. 8. apríl sl., þar sem kvartað var yfir umfjöllun um fiskeldi í 13. tölublaði Bæjarins besta, 33. árgangi, sem út kom fimmtudaginn 7. apríl 2016 og helgað var fiskeldi á Vestfjörðum. Taldi kvartandi umfjöllunina geta varðað við 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um lýðræðislegar grundvallarreglur og mögulega önnur ákvæði laga um fjölmiðla.

Í kvörtuninni var nánar tiltekið vísað til umfjöllunar á bls. 8-17 í 13. tölublaði 2016, sem kvartandi taldi „augljósa einhliða, að því er virðist, kostaða umfjöllun“. Þá sagði í erindinu:

*Svo virðist sem að útgáfan sé að undirlagi hagsmunaaðila með það að markmiði að hafa áhrif á almenning. Umfjöllunin er látin sýnast hlutlaus og vönduð en er þó algjörlega einhliða gegn greiðslu. Hvergi kemur fram hverjir greiða og hvaða hagsmuna þeir ganga. Bæjarins besta gefur sig út fyrir að vera „óháð fréttablað á Vestfjörðum“ eins og fram kemur á forsíðu blaðsins.*

Taldi kvartandi þetta brot á 26. gr. og mögulega öðrum ákvæðum laga um fjölmiðla. Jafnframt kom í erindinu fram það mat kvartanda að útgáfan væri „til þess fallin að afvegaleiða lesendur og fá þá til fylgis við tiltekinn málstað gegn þóknun“, eins og það var orðað. Þá sagði í kvörtuninni:



## FJÖLMIÐLANEFND

*Lítið er gert úr hliðarverkunum, s.s. umhverfisáhrifum og mögulegum fjárhagslegum áföllum viðfangsefnisins, auk þess sem að ekki eru merkingar við fréttir um að þær séu kostaðar né þær aðgreindar frá öðrum almennum fréttum umrædds tölublaðs.*

Fram kom í erindi kvartanda að tveimur hagsmunaaðilum, sem væru andsnúnir umræddu fiskeldi, hafi verið boðið að fá birtar greinar í blaðinu en vegna bágborins fjárhags og siðareglna hafi þeir þurft að hafna slíku, enda hafi greiðslu verið krafist fyrir. Einnig kom fram í erindinu að ritstjóri og eigandi Bæjarins besta hafi áður gegnt stöðu fjármálastjóra eldisfyrirtækis á Vestfjörðum og hafi „með yfirlýsingum sínum í fjölmiðlum tengdum þeirri starfsemi dæmt sig ófæra um að fjalla um málefnið með hlutlausum hætti,“ eins og það var orðað í kvörtuninni.

## 2. Málsvik

Fjölmiðillinn Bæjarins besta er gefinn út af Athafnagleði ehf. og er Bryndís Sigurðardóttir fyrirsvarsaður útgáfufélagsins og jafnframt ábyrgðarmaður fjölmiðilsins. Í 13. tölublaði Bæjarins besta var að finna tíu blaðsíðna umfjöllun um fiskeldi undir yfirskriftinni Fiskeldið. Í leiðara ritstjóra sagði að blaðið væri að þessu sinni helgað fiskeldi og tilraun gerð til að kynna atvinnugreinina og leyfa blaðinu að vera málpípu hagsmunaaðila, eins og það var orðað í leiðara. Blaðið hafi allengi verið í undirbúningi og vonandi skili það auknum skilningi á kostum og göllum fiskeldis.

Í inngangi að greinaflokknum sagði jafnframt:

*Víða var leitað fanga við efnisöflun í blaðið, stærstu fiskeldisfyrirtækin á svæðinu ásamt landssamtökum þeirra fá að tjá sig. Sveitarfélögin sem land eiga að þeim fjörðum sem sóst er eftir að staðsetja kvíar voru beðin um álit. Stangveiðimenn voru spurðir, sem og forsvarsmenn stéttarféлага og samtök ferðaþjónustuaðila. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur samið skýrslur um fiskeldi sem vitnað er í. Flestir þessir aðilar taka þátt í fjármögnun á þessu stóra blaði og þeim er boðið að birta stutt ávarp en hafa að öðru leyti ekki haft neina stjórn á efnistöku.*

Áðurnefnd umfjöllun Bæjarins besta um fiskeldi skiptist annars vegar í undirkafla sem ritaðir eru af ónafngreindum blaðamanni og hins vegar ávörp nafngreindra einstaklinga á vegum sveitarfélaga og fyrirtækja. Hér er efnistöku þeirra fyrrnefndu lýst í stuttu máli:

### **Auðlindin.**

Í greininni er m.a. fjallað um burðarþol Vestfjarða til fiskeldis og viðhorf fiskeldisfyrirtækja og sveitarfélaga til þeirrar skyldu fiskeldisfyrirtækja sem starfa á Vestfjörðum að skrá lögheimili sitt þar. Fram kemur að saga fiskeldis á Íslandi sé „vörðuð gjaldþrotum og vandræðum“ og er Landssamband fiskeldisfyrirtækja fengið til að svara því hvers vegna sjókvíaelði laxfiska ætti að ganga núna frekar en undanfarna áratugi.

### **Veiði í ám og vötnum.**



FJÖLMIÐLANEFND

Vitnað er í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða „Úttekt á hagrænum áhrifum laxveiða á áhrifasvæði fiskeldis á Vestfjörðum“ eftir Jón Pál Hreinsson, sérfræðing hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Lýst er þeirri niðurstöðu Jóns Páls að hagræn áhrif laxveiði á Vestfjörðum séu um 500 milljónir króna árlega. Þá er þeirri spurningu varpað fram hvort slys í fiskeldinu geti útrýmt stangveiði og hversu mikil hættu sé á svo miklu umhverfisslysi. Fulltrúar eldisfyrirtækja eru beðnir um að svara þeirri spurningu og telja þeir hættuna vissulega fyrir hendi en að minnka megi hættu á óhöppum með þjálfun starfsmanna, betri búnaði og vottun hans.

### **Laxalús og lyfjanotkun.**

Rætt er við dýralækni fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun sem nefnir m.a. að Ísland henti vel til laxeldis í sjó þar sem laxalús þoli illa sjávarhita undir 4°C en á flestum eldissvæðum hérlendis sé sjávarhiti undir 2°C yfir veturinn. Þá hafi lúsa- og sýklalyf aldrei verið notuð gegn sýkingum í sjókvíaeldi hér á landi, hvorki í laxi né regnbogasilungi. Einnig er fjallað um mikilvægi hvíldar á sjókvíaeldissvæðum til að minnka hættu á sýkingum og mikilvægi reglusetningar þar að lútandi.

### **Nýr burðarás í atvinnulífið.**

Ávarp Elíasar Jónatanssonar, bæjarstjóra í Bolungarvík.

### **Fiskeldi og framtíð sveitarfélaga á Vestfjörðum.**

Ávarp Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

### **Hraðfrystihúsið Gunnvör.**

Ávarp Kristjáns Jóakimssonar, vinnslu- og markaðsstjóra Hraðfrystihússins Gunnvarar.

### **Sjötta kynslóð.**

Ávarp Ómars Grétarssonar, sölu- og markaðsstjóra Fjarðalax.

### **Ferðamaðurinn og fiskeldið.**

Um er að ræða stutta grein um rannsókn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða frá 2014 þar sem viðhorf ferðamanna til fiskeldis og kvía á Vestfjörðum var kannað. Fram kemur að fiskeldi virðist ekki hafa mikil áhrif á ferðamenn og alls ekki koma í veg fyrir endurkomu. Einnig er upplýst að Bæjarins besta hafi haft samband við samtök ferðaþjónustuaðila á Vestfjörðum og kannað viðhorf þeirra til fiskeldis. Ferðamálasamtökin hafi hingað til ekki gert athugasemdir við staðsetningar kvía en leggi áherslu á friðun Jökulfjarða og Hornstranda. Fyrirhugað eldi Arnarlax á þessum svæðum sé því líklegt til að mæta mótspyrnu hjá ferðaþjónustuaðilum á Vestfjörðum.

### **Hagrænu áhrifin af laxeldi.**

Ávarp Neil Shiran Þórissonar, framkvæmdastjóra Atvest.

### **Starfsmenn í fiskeldi.**

Ávarp Finnþoga Sveinbjörnssonar, formanns Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

### **100 ár frá stofnun Verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði.**

Ávarp Finnþoga Sveinbjörnssonar, formanns Verkalýðsfélags Vestfjarða.



FJÖLMIÐLANEFND

## II: Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

### 1.

Þann 27. apríl sl. óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum, skýringum og sjónarmiðum Athafnagleði ehf. vegna kvörtunar Haraldar Eiríkssonar. Vísað var til 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla þar sem segir að fjölmiðlanefnd geti krafist fjölmiðlaveitur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga um fjölmiðla og skuli slíkar upplýsingar og gögn þá veitt innan hæfilegs frests sem nefndin gefi. Óskað var eftir upplýsingum um eftirfarandi:

1. *Greiðslur vegna styrkja til útgáfunnar.* Óskað var eftir upplýsingum um það hvernig greiðslum vegna umfjöllunar um fiskeldi í 13. tölublaði Bæjarins besta 2016 var háttað, hverjir hafi styrkt útgáfuna og upphæð styrkja. Tekið var fram að trúnaðar yrði gætt um allar fjárhagsupplýsingar sem nefndinni yrðu veittar.

2. *Auðkenning kostenda/annarra sem styrktu útgáfuna.* Óskað var eftir upplýsingum um það hvernig lesendur Bæjarins besta voru upplýstir um það að greitt hafi verið fyrir framangreinda umfjöllun og hverjir greiðendur væru. Vísað var til ákvæðis 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um aðskilnað ritstjórnarefnis og viðskiptaboða og 2. mgr. 37. gr. um bann við dulduðum viðskiptaboðum.

3. *Val á viðmælendum og greinarhöfundum.* Óskað var eftir upplýsingum um það hvernig vali á viðmælendum og greinarhöfundum var háttað og hverjum hafi boðist að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um það hverjir hafi ekki séð sér fært að þiggja það boð. Vísað var til ákvæðis 26. gr. laga um fjölmiðla um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni.

Óskað var eftir því að framangreindar upplýsingar og sjónarmið Athafnagleði ehf. bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 11. maí sl.

### 2.

Svar Bryndísar Sigurðardóttur, ritstjóra Bæjarins besta og forsvarsmanns Athafnagleði, barst fjölmiðlanefnd með bréfi dags. 6. maí 2016. Þar var því hafnað að útgáfa blaðsins hafi verið að undirlagi hagsmunaaðila, eins og kvartandi hafi haldið fram. Jafnframt sagði í bréfinu að útgáfunni hafi þó auðvitað verið ætlað að hafa áhrif á almenning, með því að upplýsa, vera fræðandi og greina frá sem flestum sjónarhornum.

Fram kom að ritstjóri teldi umfjöllunina með engum hætti hafa farið í bága við 26. gr., heldur hafi hann lagt sig fram á allan hátt um að gæta hlutlægni og nákvæmni. Hann hafi fengið mikil og góð viðbrögð frá lesendum, nema stangveiðimönnum. Þá sé umfjöllunin ekki einhliða, heldur hafi verið fjallað um þá gagnrýni sem beinst hafi að atvinnugreininni, hún greind, upplýst um hana og leitað útskýringa. Leitað hafi verið til þeirra sem ritstjóri taldi hafa besta þekkingu á málaflokknum, t.d. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og dýralæknis fisksjúkdóma hjá



Matvælastofnun. En þar sem stangveiðimenn hafi ekki brugðist við, hafi umhverfisþættinum verið „*illa svarað, þ.e.a.s. hvaða áhættu þeir væru nákvæmlega að tala um og hvernig hún snúi að Vestfjörðum,*“ eins og það var orðað í bréfi ritstjóra.

Í bréfinu var þeirri gagnrýni jafnframt hafnað að lítið hafi verið gert úr umhverfisáhrifum fiskeldis og mögulegum fjárhagslegum áföllum í greininni. Þvert á móti hafi verið leitað upplýsinga um fjárhagslega þætti og umhverfisþætti á borð við laxalús og lyfjanotkun. Þá segir í bréfinu. „*Hins vegar vantaði upplýsingar um blöndun laxastofna sem stangveiðimenn hefðu getað bætt í umfjöllunina. Slysasleppingar eru vandamál og það kemur fram, það er svo annarra að dæma hve mikil áhættan er og svo þarf að taka meðvitaða ákvörðun um hvort menn séu tilbúnir að taka þá áhættu. Hér takast á hagsmunir.*“

Fram kom í bréfi ritstjóra að hann hafi sjálfur starfað sem fjármálastjóri tiltekins eldisfyrirtækis, sem ekki hafi tekið þátt í verkefninu. Því hafi ritstjóri hugsanlega meiri þekkingu á greininni en almennt gerist. Í bréfinu kom einnig fram að ritstjóri hafi hins vegar enga þekkingu á villtum laxastofnum og því hafi hann lagt talsvert á sig við að fá hlið stangveiðimanna fram.

Hvað varðar greiðslur fyrirtækja og hagsmunaaðila tengdar umfjölluninni kom fram í bréfi ritstjóra að Bæjarins besta sé lítið fyrirtæki og hafi ekki bolmagn eitt og sér í svo metnaðarfullt og tímafrekt verkefni sem útgáfa 13. tölublaðs hafi verið. Því hafi orðið að fjármagna það fyrirfram.

Í fylgiskjali með erindi ritstjóra kom fram að þeir aðilar sem fengið hafi boð um að koma sínum sjónarmiðum að í umfjöllun Bæjarins besta hafi verið Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Dýrfiskur, Fjarðalax, Arnarlax, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Stangveiðifélag Ísafjarðar, Ferðamálasamtök Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Í erindinu sagði: „*Ég gaf öllum sem vildu vera með kost á að senda inn spurningar sem þeir vildu svara sjálfir eða óskuðu eftir að aðrir svöruðu. Tilgangur með þessu var að draga fram ágreiningsatriðin og vekja umræðu um þau. Flestir vildu vera með en ekki allir sendu inn spurningar. Ég raðaði síðan saman spurningum frá þátttakendum og bætti mörgum við sjálf og sendi til allra sem vildu taka þátt OG líka til Samtaka ferðaþjónustuaðila á Vestfjörðum og Landssambands Stangveiðifélaga þrátt fyrir að þeir hefðu ekki samþykkt að að greiða í þúkkið. Ég mat það svo að þeirra viðhorf væru mikilvæg.*“

Þá kom fram að skilyrði fyrir þátttöku hafi verið eftirfarandi:

- a) Að senda ASÍ heilsíðu afmæliskveðju í 10. tbl. Verð: [...]
- b) Að kaupa heilsíðuauglýsingu í 12. tölublaði. Verð: [...]

Þátttakendur hafi með öðrum orðum skuldbundið sig til að kaupa tvær auglýsingar í blaðinu. Þá hafi öllum þátttakendum boðist að senda inn stutt ávarp undir nafni, 300 orð, en ekki allir hafi þegið það.



## FJÖLMIÐLANEFND

Þeir sem hafi þegið boð Bæjarins besta og keypt umfjöllun og auglýsingar í blaðinu hafi verið: Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Fjarðalax, Arnarlax, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Verkalýðsfélag Vestfjarða.

Fallist var á það í erindi ritstjóra til fjölmiðlanefndar að ekki komi skýrt fram hverjir hafi innt af hendi greiðslur til blaðsins vegna greinaskrifanna. Í inngangi greinaflokksins Fiskeldi hafi þó verið upplýst hverjum hafi verið boðið að tjá sig og að flestir þessara aðila taki þátt í fjármögnun á blaðinu.

Loks sagði í erindi ritstjóra Bæjarins besta að ritstjóri telji kvörtun þá sem fjölmiðlanefnd hafi borist vera grófa tilraun til þöggunar. Öllum hugsanlegum hagsmunaaðilum hafi verið boðið að tjá sig um málefnið í blaðinu og hafi Landssamtök stangveiðimanna valið að taka ekki þátt. Þau samtök vilji frekar tjá sig þar sem ekki sé von á mótrökum.

### 3.

Fjölmiðlanefnd fjallaði um málið á fundi sínum 13. maí 2016. Var það frummat nefndarinnar að ekki hafi verið gerður skýr greinarmunur á keyptri umfjöllun og annars konar ritstjórnarefni í 13. tölublaði Bæjarins besta, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Þá hafi fyllstu hlutlægni ekki verið gætt við framsetningu mismunandi sjónarmiða, sbr. 1. mgr. 26. gr. sömu laga.

Fjölmiðlanefnd sendi Athafnagleði frummat nefndarinnar með bréfi dags. 3. júní 2016, þar sem farið var yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort Athafnagleði hafi brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla er varða hlutlægni og aðgreiningu viðskiptaþoða og ritstjórnarefnis, sbr. framangreint. Einnig vill fjölmiðlanefnd veita félaginu færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum í málinu. Bent var á að niðurstaðan, sem fól það í sér að umfjöllun Bæjarins besta hafi ekki verið fyllilega í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. laganna, fæli einungis í sér frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Athafnagleði hafi brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla.

Með bréfinu vildi fjölmiðlanefnd ennfremur gefa útgefanda og ábyrgðarmanni Bæjarins besta, Athafnagleði, frekara færi á að koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanlegt brot Athafnagleði á fyrrnefndum ákvæðum laga um fjölmiðla.

Tekið var fram að vildi ábyrgðarmaður Bæjarins besta koma frekari skýringum á framfæri væri þess óskað að athugasemdir og sjónarmið útgáfufélagsins bærust fjölmiðlanefnd eigi síðar en 20. júní 2016. Með tölvupóstum dags. 20. júní óskaði ábyrgðarmaður eftir fresti til svara til 28. júní sl. og var umbeðinn frestur veittur. Með tölvupósti 28. júní óskaði ábyrgðarmaður eftir fresti til svara til 29. júní sl. og var umbeðinn frestur jafnframt veittur.





## FJÖLMIÐLANEFND

### 4.

Svar Bryndísar Sigurðardóttur, ritstjóra Bæjarins besta, barst 29. júní sl. Í því var farið yfir athugasemdir fjölmiðlanefndar frá 3. júní sl. og sjónarmiðum Bæjarins besta vegna þeirra komið á framfæri.

Fram kom að það væri mat ritstjóra að engin umfjöllun í blaðinu hafi verið keypt, tilteknum aðilum hafi verið gefinn kostur á að senda inn spurningar sem þeir vildu fá að svara sjálfir eða að aðrir svöruðu. Enginn nema ritstjóri og ábyrgðarmaður Bæjarins besta hafi unnið úr þeim spurningum. Ritstjóri hafi sjálfur bætt við spurningum og fjallað um þau atriði sem hann hafi talið skipta máli. Enginn annar hafi lesið umfjöllunina yfir og enginn hafi getað haft áhrif á hvað birtist og hvað ekki. Enginn hafi stjórnað því hvort umfjöllunin væri jákvæð eða neikvæð. Þeir aðilar sem tekið hafi þátt hafi gert það af samfélagslegri ábyrgð og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að um fiskeldi væri fjallað.

Þá kom fram í svari Bæjarins besta að ritstjóri teldi það ekki geta talist til viðskiptaboða að birta umfjöllun um heila atvinnugrein, þar sem opinberum aðilum (sveitarfélagi eða atvinnuþróunarfélagi), atvinnugreininni sjálfri, fulltrúum stéttarféлага og annarra atvinnugreina væri gefinn kostur á að tjá sig. Ekki hafi eingöngu sjónarmiðum fiskeldisfyrirtækja verið haldið á lofti, heldur óskað eftir öllum sjónarmiðum og hafi allir haft möguleika á því að koma sínum sjónarmiðum að. Þá sé texti á bls. 12 og 13 kyrfilega merktur þeim sem skrifar og engin tilraun gerð til að gefa annað í skyn.

Þá var því mótmælt harðlega í svari Bæjarins besta að fyllstu hlutlægni hafi ekki verið gætt við framsetningu mismunandi sjónarmiða í greinarfloknum Fiskeldið.

Það er ekki rétt, öll sjónarmið sem mér hugkvæmdist komu fram, fulltrúum stangveiðimanna bauðst að taka þátt **án greiðslu en þeir völdu að gera það ekki.** Engu að síður leitaði ég upplýsinga um þeirra helstu umkvörtunarefni og fjallaði um þau. Þar má helst nefna lús, lyfjanotkun og slysasleppingar. Það sem helst vantaði í umfjöllun blaðsins var hætta á erfðablöndun vegna slysasleppinga en um slysasleppingar var fjallað. Engin dul er dregin á það að slysasleppingar munu alltaf verða, hjá því verður ekki komist.

Þá kom fram í svari Bæjarins besta að rök gegn fiskeldi á Vestfjörðum séu ekki eins haldbær og gegn fiskeldi á þeim stöðum þar sem náttúrulegt laxeldi sé mikið.

Það má hins vegar koma hér fram að náttúrulegt laxeldi á Vestfjörðum er mjög lítið og þess vegna er þessi áhætta hér minni en til dæmis í Eyjafirði eða á öðrum stöðum á landinu. Þess vegna er fiskeldi leyft á Vestfjörðum og Austfjörðum, ekki annars staðar.

Einnig var í erindi Bæjarins besta farið yfir skiptingu efnispátta og efnislegt innihald hvers þáttar fyrir sig. Þar kom m.a. fram að á bls. 10 hafi verið heil síða um veiði í ám og vötnum Vestfjarða og upplýsingar um veiði og tekjur 2010-2014. Upplýsingarnar séu byggðar á skýrslu



#### FJÖLMIÐLANEFND

Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og hafi ekki verið vefngdar svo ritstjóri viti en höfundur hennar, ráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélaginu, sé ástríðufullur veiðimaður. Í erindinu sagði:

Staðreyndin er nefnilega sú, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að á Vestfjörðum eru engar stórar og mikilvægar laxveiðiár. Þess vegna er erfitt að rökstyðja að hagsmunir þeirra sem sinna þeim ám og eiga eigi að vega þungt. Þess vegna er fiskeldi yfirhöfuð leyft á Vestfjörðum, þess vegna er nánast allt landið lokað fyrir fiskeldi, það er til að vernda stóru laxveiðiárnar sem eru annars staðar en á Vestfjörðum.

Frá þessum staðreyndum er ekki hægt að segja með öðrum hætti, hvað þá að segja ekki frá þeim.

Ritstjóri tekur undir að það hafi verið hans hlutverk að draga fram mismunandi hliðar á fiskeldi og kveðst hann hafa gert það eins vel og hann gat. Hann hafi kannað hug ferðapjónustunnar og fjallað um rannsóknir á viðhorfi ferðapjónustuaðila og ferðamanna til fiskeldis. Í erindi ritstjóra segir að staðreyndin sé bara sú að ferðapjónustuaðilar og ferðamenn hafi ekki amast við fiskeldinu.

Þá hafi ritstjóri lesið sér til um áhyggjur stangveiðimanna og fjallað um þær með faglegum hætti, t.d. með aðstoð dýralæknis fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun. Hann hafi boðið samtökum ferðapjónustuaðila og stangveiðimanna að tjá sig án greiðslu en þeir hafi valið að gera það ekki. Hann hafi kannað hug fulltrúa almennings, þ.e.a.s. sveitarstjórnarmanna, starfsmanna atvinnuþróunar og stéttarfélaga, enda eigi þeir að gæta hagsmuna almennings og hygla ekki einni atvinnugrein umfram aðra. Ritstjóri hafi fengið mjög góð viðbrögð við blaðinu og þakkir fyrir að koma þessum upplýsingum á framfæri.

Loks sagði í erindi Bæjarins besta:

Ég óska eftir endurmati nefndarinnar, í engu stóð til að brjóta lög, enda ritstjórinn afar löghlýðinn og með ríka réttlætiskennnd. Sjónarmiðum allra var eftir föngum komið á framfæri og engu leynt. Að öllum líkindum hefði umfjöllunin ekki breyst mikið þó til dæmis stangveiðimenn hefðu tjáð sig, allir voru skilyrtir að taka mið af staðháttum á Vestfjörðum og þær eru með þeim hætti að hagsmunir og áhætta fyrir laxveiðiár þar eru minni en á öðrum stöðum.

Mergur málsins er eins og ég skil hann, að umfjöllunin hafi verið einhliða og kostuð, það er að segja, aðilar greiða fyrir jákvæða umfjöllun. Á hvorugt get ég fallist.

Eftir stendur svo réttur hvers og eins til að hafa skoðun. Menn geta haft þá skoðun að vera á móti fiskeldi, sama hvað og að sama skapi með fiskeldi, hvað sem hver segir. Þessi umfjöllun var til að bæta rökum í umræðuna og hún var bæði heiðarleg og faglega unnin.





### III. Niðurstaða

#### 1.

Í 26. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveita skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmiðlaveita skuli gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

Fjölmiðlum er skylt að merkja viðskiptaboð sem slík og aðgreina þau frá ritstjórnarefni. Þessi regla kemur fram í 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð skuli vera auðþekkjanleg sem slík og vera skýrt afmörkuð frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Sama gildi um fjarkaup.

Hugtakið viðskiptaboð er skilgreint í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt þeirri skilgreiningu teljast viðskiptaboð vera texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast því ekki eingöngu hefðbundnar auglýsingar, heldur einnig m.a. kostanir og vöruinnsetningar.

#### 2.

Óumdeilt er að umfjöllun Bæjarins besta um fiskeldi var miðlað gegn greiðslum í formi styrkja hagsmunaaðila til útgáfunnar. Að mati fjölmiðlanefndar var umfjölluninni ætlað að vekja beint eða óbeint athygli á vörum, þjónustu og ímynd fiskeldisfyrirtækja og atvinnugreininni fiskeldi. Sá hluti greinarflokksins Fiskeldisins sem miðlað var gegn greiðslu framangreindra aðila, teljist því að mati nefndarinnar þjóna auglýsinga- og kynningarmarkmiðum og falla undir hugtakið viðskiptaboð, eins og það er skilgreint í lögum um fjölmiðla.

Eins og fram kemur í skýringum við 1. mgr. 37. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla verður að gera þá fortakslausu kröfu til fjölmiðla að þeir aðgreini ritstjórnarefni og viðskiptaboð, í ljósi sjónarmiða um neytendavernd á vettvangi fjölmiðla. Að mati fjölmiðlanefndar þýðir þetta að tryggja verður að lesendum sé ljóst hvort umfjöllun fjölmiðla er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi frá hagsmunaaðilum eða hvort unnið er út frá hefðbundnum grunngildum í blaðamennsku, með hlutlægni og upplýsingarétt almennings að leiðarljósi, án þess að greiðsla komi fyrir frá þeim sem um er fjallað í fjölmiðlum. Ekki megi



## FJÖLMIÐLANEFND

skapast hætta á því að lesendur rugli saman hlutlausum upplýsingum og umfjöllun sem þjónar auglýsinga- og kynningarmarkmiðum.

Fram kemur í inngangi greinarflokksins Fiskeldið að flestir þeir aðilar sem þar voru taldir upp hafi tekið þátt í fjármögnun blaðsins. Hins vegar kemur ekki fram með skýrum hætti hverjir það hafi verið sem greiddu fyrir að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í umræddu tölublaði, eins og ritstjóri blaðsins staðfestir raunar í erindi sínu frá 6. maí sl. Því er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að framsetning greinarflokksins í 13. tölublaði Bæjarins besta samræmist ekki fyllilega 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um aðgreiningu ritstjórnarefnis og viðskiptaboða.

### 3.

Hvað varðar ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga um fjölmiðla um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni er það jafnframt mat fjölmiðlanefndar að sjónarmið fiskeldisfyrirtækja og aðila sem hlyntir eru fiskeldi á Vestfjörðum hafi á heildina litið vegið þyngra og fengið meira rými en andstæð sjónarmið, þar með talin sjónarmið ferðaþjónustuaðila og stangveiðimanna. Ritstjóri hafi einnig staðfest í erindi sínu frá 6. maí sl. að sjónarmið stangveiðimanna varðandi umhverfisáhrif hafi ekki komið vel fram. Af erindi ritstjóra og fylgigögnum þess má þó ljóst vera að leitað var eftir sjónarmiðum stangveiðimanna af hálfu Bæjarins besta og þeim boðið að svara tilteknum spurningum, fyrst gegn því að styrkja útgáfuna fjárhagslega en síðar án greiðslu. Jafnframt kemur fram að stangveiðimenn hafi ýmist ekki talið sig hafa fjárhagslegt bolmagn til að greiða fyrir umfjöllunina eða hafi ekki staðið skil á svörum til ritstjóra af öðrum ástæðum.

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðissamfélögum og á það ekki bara við um fjölmiðla sem miðla efni á landsvísu, heldur einnig svæðisbundna fjölmiðla. Fjölmiðlar setja mál á dagskrá, eru vettvangur skoðanaskipta og geta haft mótandi áhrif á skoðanir almennings í nærsamfélagi sínu. Það er því almannahagur að miðlun upplýsinga í fjölmiðlum, svæðisbundnum sem og landsdekkandi miðlum, sé fagleg og hlutlæg.

Að mati fjölmiðlanefndar felst fagleg og vönduð blaðamennska í því að blaðamaður leitast við að varpa ljósi á mismunandi hliðar mála með hlutlægni og nákvæmni að leiðarljósi. Á það ekki hvað síst við um umdeild mál, þar sem miklir hagsmunir eru í húfi og ólíkum sjónarmiðum er haldið á lofti. Fjölmiðlanefnd getur ekki fallist á það sjónarmið ritstjóra Bæjarins besta að það hafi verið hlutverk og á ábyrgð hagsmunaaðila, stangveiðimanna eða annarra, að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við blaðamann og ritstjóra Bæjarins besta. Að mati nefndarinnar hlýtur það alltaf að vera hlutverk blaðamanns og ábyrgð hans að draga fram mismunandi hliðar umdeilda mála og vinna faglega úr upplýsingum með þeim hætti að hlutlægni sé gætt í hvívetna í fréttum og fréttatengdu efni.



#### FJÖLMIÐLANEFND

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða fjölmiðlanefndar að fyllstu hlutlægni og nákvæmni hafi ekki verið gætt við ritun greinarflokksins Fiskeldið og hafi umfjöllun Bæjarins besta um fiskeldi í 13. tölublaði 2016 ekki verið í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga um um fjölmiðla um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni.

Þá er það jafnframt niðurstaða fjölmiðlanefndar að framsetning umfjöllunar um fiskeldi í 13. tölublaði Bæjarins besta samræmist ekki fyllilega 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um aðgreiningu ritstjórnarefnis og viðskiptaboða, þar sem kostað efni hafi ekki verið merkt sem slíkt og nöfn þeirra sem styrktu útgáfuna, þ.e. kostenda, hafi ekki verið tilgreind með skýrum hætti.

Við málsmeðferðina hefur ritstjóri og fyrirsvarsaður Athafnagleði, komið því á framfæri við fjölmiðlanefnd að félagið vilji með engum hætti fara gegn lögum um fjölmiðla og að ritstjóri þiggi gjarnan leiðsögn nefndarinnar telji nefndin að brotið hafi verið gegn ákvæðum laganna. Ennfremur er ljóst að um er að ræða fyrsta brot félagsins gegn lögum um fjölmiðla.

Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á lögaðila vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið ákvæði 4. mgr. 37. gr. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. málsl. 5. mgr. 54. gr. Með vísan til framangreinds hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

#### **IV. Ákvörðunarorð**

„Umfjöllun Bæjarins besta um fiskeldi í 13. tölublaði 2016, sem út kom fimmtudaginn 7. apríl 2016, fór í bága við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.“

Ingvi Hrafn Óskarsson

Hulda Árnadóttir

Arna Schram

Salvör Nordal

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson